

4. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda, að takast ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál eða fyrirkomulags, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

5. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig hátað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 6 4. febrúar 1972.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. október 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.

Hér með er ákveðið, að frá og með 1. nóvember 1973 nýtur umferð um Hafnaveg að nýju forgangsréttar fyrir umferð um Stapafellsveg, þar sem vegir þessir skerast í Hafnahreppi.

Með auglýsingu þessari eru úr gildi felld ákvæði auglýsingar um umferð í Hafnahreppi frá 8. júní 1972.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 17. október 1973.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING

**um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana
á Akureyri, nr. 11 6. jan. 1966.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 08.00 til kl. 20.00 á tíma-

bilinu 1. janúar til 31. mars. Á tímabilinu 1. apríl til 31. desember frá kl. 08.00 til 23.30 sbr. þó a-lið 4. gr.

Einnig getur bæjarstjórn leyfti, að minjagripaverslanir hafi opið alla daga frá kl. 08.00 til kl. 23.30 á tímabilinu 1. júní til 15. september, enda verði sótt um leyfið til bæjarráðs.

Sölustaðir þeir, er um getur í 1. mgr., skulu algerlega aðskildir frá verslun, birgðageymslu verslunar og hvers konar starfsemi annarri, s. s. bensín- og olíusölu, bifreiðaafgreiðslu o. þ. u. l. Utan hins almenna sölutíma má sala fyrrgreindra sölustaða einungis fara fram um söluop. Þar skal heimilt að selja eftirgreindar vörur:

Ávaxtasafa, bómull, búðing í pökkum, bréfburrkur, corn flakes, dagblöð, dömbúandi, eldspýtur, filmur, flash-perur og kubba, frímerki, gosdrykki greiður, handsápu, hárlakk, hárfvottalög, harðfisk, heitar pylsur, ís, íssós, kaffi, kaffikönnupoka, kakó, kex (innpakkað), niðursoðna ávexti, og aðrar niðursoðnar matvörur, nýja ávexti, ritföng, rafhlöður, rafmagnsperur, rafmagnsöryggi, rakblöð, raksápu, rakspíritus, skyndiplástur, sólgleraugu, sólkrem, sólolíu, spil, sultur, súpur í pökkum, sælgæti, tannbursta, tannkrem, te, tímarit, tóbaksvörur, WC-pappír, vinnuvettlinga og öl, kort, kvensokkar og skökkabuxur, marmelaði, matarbrauð (innpakkað).

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað af ofangreindum vörum megi selja á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig umbúnaði skuli hagað. Á hverjum sölustað skal fyrir komið á stað, þar sem viðskiptamennirnir geta greinilega séð, skrá um, hvað selja megi á staðnum og skal sú skrá staðfest af trúnaðarmanni nefndarinnar.

Bæjarráð getur leyft, að á veitingastöðum (s. s. kaffi- og matstofum) séu seldar vörur, er getur um í síðustu mgr., að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, á sömu tímum og sal fer fram í söluturnum og ber að greiða gjald af þeirri sölu í bæjarsjóð samkvæmt 9. gr.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri, nr. 271 29. október 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 18. október 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

25. október 1973.

Nr. 315.

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu:

1. Umferð um **Norðurströnd** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Fornaströnd, Barðaströnd og Vesturströnd.
2. Umferð um **Lindarbraut** hefur forgangsrétt fyrir umferð um Norðurströnd, vestan Lindarbrautar, Bollagarða, Hofgarða, Selbala, Valhúsabraut og veg á Suðurnes.